

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 2. júlí 2020
UST202006-328/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulag Flóahrepps 2017 - 2029 - Loftstaðir-Vestri

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahrepps er barst 30. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017 – 2029 vegna breytingar í landi Loftstaða – Vestri.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að landbúnaðarland er minnkað um tæpa 2 ha og þeim breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu þar sem að landeigandi vill byggja upp ferðaþjónustu á jörðinni og bjóða upp á gistingu í heilsárs tjöldum fyrir allt að 30 manns. Auk þess kemur fram að svæðið er flatt og er ræktað sem tún.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.


Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
sérfræðingur